

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um
alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands o.fl. (skipulag).

Frá minni hluta utanríkismálanefndar (ÖS, SPÁ, ÓP).

1. B-liður 3. gr. orðist svo: Hver þingflokkur sem á sæti á Alþingi skal tilnefna einn fulltrúa.
2. 2. mgr. 4. gr. orðist svo:
Forstöðumaður Þróunarsamvinnustofnunar Íslands skal sitja fundi nefndarinnar.
3. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Við lögina bætist ný grein, 6. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:
Þróunarsamvinnustofnun Íslands.
Þróunarsamvinnustofnun Íslands er ráðuneytisstofnun sem starfrækt er sem hluti ráðuneytisins.
Þróunarsamvinnustofnun annast tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands í umboði ráðherra í samræmi við stefnu stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu, sbr. 5. gr., og samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins.
Ráðherra skipar forstöðumann Þróunarsamvinnustofnunar og setur honum erindisbréf. Forstöðumaður telst embættismaður í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra. Forstöðumaður skal hafa lokið háskólaþrófi og búa yfir þekkingu á verkswiði stofnunarinnar. Hann skal taka þátt í starfi ráðuneytisins um alþjóðlega þróunarsamvinnu eftir því sem ráðherra ákveður. Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegri framkvæmd og rekstri stofnunarinnar. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.
Starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands skulu undanþegnir ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands.
4. Í stað orðanna „Það getur“ í b-lið 7. gr. komi: Þróunarsamvinnustofnun Íslands getur.
5. Efnismálgrein 10. gr. orðist svo:
Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal reglur um framkvæmd þróunarsamvinnu Íslands, hlutverk og starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, hlutverk og starfsemi þróunarsamvinnunefndar og það hlutverk sem umdæmisskrifstofur Þróunarsamvinnustofnunar gegna við framkvæmd þróunarsamvinnu.
6. Við 11. gr.
 - a. A-liður (ákvæði til bráðabirgða I) orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skal Þróunarsamvinnustofnun Íslands starfa áfram í núverandi mynd til 1. janúar 2016, en verður að ráðuneytisstofnun frá og með þeim degi.
 - b. Í stað orðanna „er lögð niður“ í 3. másl. b-liðar kemur: er gerð að ráðuneytisstofnun.
 - c. Við 1. másl. c-liðar bætist: í núverandi mynd.
7. 14. gr. falli brott.

